

Ed.

10. Frumvarp til laga

[10. mál]

um breyting á lögum nr. 54 29. maí 1972, um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974.)

1. gr.

1. tölul. 1. málsg. 5. gr. laganna orðist svo:

1. fjárveitinganefnd, skipuð 9—11 mönnum samkvæmt ákvörðun Alþingis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fjárveitinganefnd var fyrst kjörin í sameinuðu Alþingi árið 1934 samkvæmt breytingum, sem gerðar voru á stjórnarskrá og þingsköpum á árinu 1933. Var þá ákveðið, að nefndin skyldi skipuð 9 mönnum. Á þeim fjórum áratugum, sem liðnir eru síðan, hafa verkefni nefndarinnar stóraukist, og mörg undanfarin ár hafa nefndarmenn orðið að skipta með sér verkum við athugun einstakra málaflokka. Er því eðlilegt, að heimilað verði að fjölga í nefndinni og hún skipuð 9—11 mönnum samkvæmt ákvörðun Alþingis.